

ÁRSSKIL

Skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2018

Gjalddagi virðisaukaskatts þeirra aðila sem skráðir eru í ársskil á virðisaukaskattsskrá fyrir árið 2018 er **5. febrúar** n.k. Virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjors á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið janúar-desember 2018 ber einnig að skila eigi síðar en á gjalddaga.

Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið á árinu (núllskýrsla). Sé virðisaukaskattsskýrslu eigi skilað á réttum tíma mun ríkisskattstjóri áætla virðisaukaskatt aðila. Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að aðili hefur sætt áætlun skal ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma.

Vakin er athygli á því að skila skal virðisaukaskattsskýrslu ásamt greiðslu rafrænt. Sótt er um rafræn skil á þjónustuvef ríkisskattstjóra www.skattur.is. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

Inneignarskýrslum virðisaukaskatts skal fylgja:

- 1) afrit af ársreikningi 2018
- 2) eða hreyfingarlisti inn- og útskatts 2018
- 3) eða ljósrit af bókhaldshefti 2018

Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast við því að ríkisskattstjóri vísi skýrslu frá og áætlir virðisaukaskatt.

Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26)

Henni skal skila ef leiðréttar þarf áður innsenda virðisaukaskattsskýrslu eða ef breyting verður á forsendu ársskila. Leiðréttingarskýrslu ber að skila til sýslumanns eða tollstjórans í Reykjavík ásamt greiðslu, nema um inneign sé að ræða, þá til ríkisskattstjóra.

Ef skattskyld velta ársins 2018 var 4.000.000 kr. eða hærrí þá er forsenda fyrir skilum einnar skýrslu fyrir allt árið brostin. Ber þá að fylla út leiðréttingarskýrslu og skipta veltu, útskatti og innskatti, niður á tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins. Skila þarf leiðréttingar-

skýrslunni til ríkisskattstjóra minnst átta dögum fyrir gjalddaga virðisaukaskatts viðkomandi uppgjörstímabils svo ríkisskattstjóri geti breytt skilum aðila í tveggja mánaða skil. Virðisaukaskattur ársins, tilfallinn fyrir og á því tveggja mánaða uppgjörstímabili sem var að líða þegar velta náði 4.000.000 kr., féll í gjalddaga einum mánuði og fimm dögum eftir lok þess uppgjörstímabils. Jafnframt bar að gera upp fyrir hvert tveggja mánaða uppgjors tímabil eftir þann tíma. Því getur komið til álagsútreiknings (sjá um hann á bakhlíð leiðréttingar-skýrslunnar).

Ef skattskyld velta á árinu 2018 var 4.000.000 kr. eða hærrí skal gera upp virðisaukaskatt fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil á árinu 2019. Hægt er að greiða virðisaukaskatt með AB giró í heimabanka. Þá þarf að útbúa OCR-rönd, sem samanstendur af tilvísunarnúmeri, seðilnúmeri, færslulykli, stofnun, höfuðbók og reikningsnúmeri. Dæmi: VVVVVVNAAAA kkkkkkkk 31-0001-26-025300. Tilvísunarnúmer VVVVVV = sex stafa vsk-númer. Sé númerið styttra er sett 0 fyrir framan. NN = númer tímabils (t.d. 48 fyrir nóvember-desember og ársskil 2018). AAAA = ártal (2018). Seðilnúmer kkkkkkkk = sjö fyrstu stafir í kennitölu greiðanda. 31-0001-26-025300 eru færslulykill, stofnun, höfuðbók og reikningsnúmer.

Veltumörk fyrir árið 2019

Veltumörk ársskila fyrir árið 2019 nema 4.000.000 kr. og viðmiðunarfjárhæð reiknaðs endurgjalds eða greiddra launa 200.000 kr. Aðili sem er í tveggja mánaða skilum árið 2019 færast ekki í ársskil þó svo að velta hans sé undir 4.000.000 kr. ef reiknað endurgjald hans eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru 200.000 kr. eða hærrí á mánuði.

Minnt er á bæklinginn „Ársskil á virðisaukaskatti“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á rsk.is. Einnig er vakin athygli á orðsendingu vegna virðisaukaskatts nr. 1/2019 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá ríkisskattstjóra.